

Til bæjarráðs

Efni: Svar við fyrirspurn um umferðarmerkingar

Í desember sl. kom fulltrúar umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til fundar við bæjarritara og bæjarverkfræðing til að ræða umferðarmerkingar í Garðabæ.

Á þeim fundi komu fram ábendingar frá lögreglu um að sérstök hverfaskilti Garðabæjar þar sem tiltekinn er 30 km hámarkshraði innan íbúðahverfa eru ekki í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Garðabær hefur sett upp þessi sérstök hverfaskilti sem tilmæli til ökumanna um takmörkun á ökuhraða við 30 km en samkvæmt umferðarlögum er almenna reglan að ökuhraði í þéttbýli má ekki vera meiri en 50 km.

Lögreglan lagði til að jafnframt væru sett umferðarmerki um hámarkshraða eins og kveðið er á um í reglugerð um umferðarmerki.

Hverfaskilti Garðabæjar eru ekki á neinn hátt röng, misvísandi eða ólögleg. Tilgangur þeirra er að beina tilmælum til ökumanna um virða ákveðinn hámarkshraða í íbúðahverfum.

Í þeim tilvikum sem vikið er frá almennum umferðarreglum með merkjum eins og t.d. að ákveða lægri hámarkshraða í þéttbýli en 50 km á slíkt að byggja á ákvörðun lögreglustjóra samkvæmt tillögu sveitarstjórnar. Á áður nefndum fundi með fulltrúum umferðardeildar kom fram að nokkuð skortir á að sveitarfélög leggi síkar tillögur fyrir lögreglustjóra til samþykktar. Lögreglan hefur að undanfögnu bent sveitarfélögum á að bæta úr verklagi hvað þetta atriði varðar.

Rétt þykir að fram komi að almenna reglan er sú að borgurum ber ávallt að fara eftir og virða fyrirmæli samkvæmt umferðarmerkjum, hvort heldur sé um ræða umferðarmerki um hraðatakmarkanir eða forgang umferðar.

Umferðarmerkingar í Garðabæ geta því ekki talist rangar, misvísandi og/eða ólöglegar þó að þau feli í sér frávík frá almennum umferðarreglum sem ekki hafa verið staðfest af lögreglustjóra.